

Fundur 27.1.2025 Síu frá Kóreu, var uppi fyrir ca 8,000 árum.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Höfum við gengið í gegnum margar kollsteypurnar en höfum alltaf komið aftur niður á fæturna, og ætlum við hér í kvöld að heilsa ykkur og megið þið gjarnan njóta góðs af náttúrunni sem er í kringum okkur og finna ilminn af vatnablöndunum og horfa á fjöllin og píramítana sem byggðir hafa verið á þessum hnetti.

Og njóta góðs af fundi okkar, og ef þið lítið á himininn sjáið þið að sólirnar eru svo margskonar á hnöttunum sem eru byggðir í alheiminum, og sól okkar er með þessum bláleita lit sem hún er með á framlífs hnetti ykkar kæru ættingjar.

Og eitt sinn var þjóð mín samstillt og fór hina beinu braut samkvæmt fornum siðalögmálum, en klofnaði hún svo í tvennt, og fórum við svo í framlífi að blandast enn frekar fólki sem kom frá Kína og var af ykkar kynstofni einnig, og úr því varð sá mikli hópur sem dreifðist á framlífs hnettina sem ég tilheyri.

Og hefur saga okkar ekki alltaf verið auðveld eða góð, en höfum við átt mjög góða spretti, og eftir að ég komst á framfara hnetti þá sem líkjast þessum ágæta hnetti sem ég er á núna, hef ég unnið að því að sameina hópana og leita að rótunum frá gömlu jörðinni, og hef ég fengið sérstakan áhuga á því að spyrja mig spurninga að því hvers vegna svo mörg frumlífs mannkyn eru til, þar sem samstillingin er ekki næg og upp koma vandamál sem þarf að leysa, og hvers vegna forfeður okkar fóru ekki á aðra hnetti en ykkar.

Og til eru margir slíkir hnettir eins og ykkar, þar sem frumlífs mannkynin eiga við sömu vandamál að etja og hnattasambandið eins og perlur og er því mikilvægt að hverjum og einum hnetti verði sem best, til að framfara þróun megi verða sem öflugust.

Persónulega er það af mér að segja að á framlífs jörð minni þeirri þriðju síðustu frá þeirri sem ég er stödd á núna, náðu saman ættir og ég sættist við fortíðina og stríðshópar þeir sem byggðust á hefnd, heilluðu mig ekki lengur og dó ég af þeim hnetti og líkamnaðist á öðrum hnetti, þar sem sumir afkomendur af þeim sem höfðu eldað grátt silfur saman, hófu friðarstarf og uppbyggingar starf.

Og hef ég verið í því uppbyggingar starfi að mestu síðan. Veit ég að ykkur mun þykja fróðleg saga mín, Síu er nafn mitt frá Kóreu og kynntist ég ekki ættingjum ykkar fyrr en í framlífi, sem kallast Tokk Aríar.

Byrjar þar saga mín, byrjar þar saga þessi fyrir, var ég uppi á jörðinni fyrir um það bil átta þúsund árum í Kóreu og kynntist þar í framlífi þessum sem dvalist höfðu í austur Kína, og höfðu þeir yfirtekið stóran hluta hnattarins, en ættingjar mínir, kynntist ég þeim og eignaðist afkvæmi, og fluttist ég þá á annan hnött, þar sem, já fer ekki út í það nánar, menningar átök, en þeir dreifðu sér á aðra hnetti og skapofsi ræktaðist upp hjá þeirri tegund.

Og er það merkileg saga og ekki þó laust við að menningar afrek hafi sú þjóð unnið og komu saman meistarar okkar þjóðar, sem ég einnig kynntist og talaði við á sambandsfundum og fræddist um, en var ekki á sama hnetti.

Hjá þessari blendings þjóð ræktaðist upp stolt yfir útliti sínu og eiginleikum sem ekki voru eins og hinna og leituðum við lengi eftir sjálfstæði, en hef ég lært að stíga út fyrir sjálfa mig og sjálfið og hef ég lært að leyfa hinum æðri máttarvöldum að stjórna og segja mér fyrir verkum, þannig að það skiptir mig meira máli heill og hagsmunir fjöldans, heldur en stjórnmalaleg viðhorf eða menningarleg viðhorf, sem ég lét glepjast á, á fyrri framlífs jörðum mínum.

Og hef ég mér það til afsökunar að það voru vinir, vinkonur, makar og fjölmargir aðrir sem höfðu áhrif á mig, en vildi ég gjarnan segja ykkur frá okkar gömlu Guðum í Kóreu og svo aftur á móti Guðum og Gyðjum þeim sem við höfðum tekið samband við á framlífs jörðum okkar.

Og urðum einnig kristin á tímabili og undir stjórn Jahves, en fór það ekki vel, en finn ég nú orkuna dvína og verð ég að láta þetta gott heita, en vona að ykkur þykir saga þessi forvitnileg, og hægt verði að halda áfram síðar, hvort sem það verður aðrir eða ég.

Verið þið sæl.

*Vilt þú segja nafnið þitt aftur í restina.*

Síu,

*Síu þakka þér fyrir.*

Já verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Blessuð, þakka þér fyrir komuna, sæl.*